

Svör við fyrirspurnum HSK um aðgerðir Sveitarfélagsins Árborgar til stuðnings íþróttastarfi í kjölfar COVID 19

Spurningarnar til sveitarfélaga:

- 1. Hafa frístundastyrkir vegna barna tekið breytingum í tengslum við faraldurinn, s.s. hafa komið inn viðbótarframlög, hann verið hækkaður sérstaklega eða verið gerðar aðrar aðlaganir á honum?**

Svar: Já, Sveitarfélagið Árborg hækkaði frístundastyrk 5-17 ára barna um 10.000kr. á hvert barn sl. vor til að styðja við Íþrótt- og frístundastarfið.

- 2. Hefur sveitarfélagið komið með einhverjum hætti með fjárhagslegan stuðning til móts við tekjutap íþróttafélaga og íþróttahéraðs vegna COVID-19, og þá hvernig?**

Svar: Sértekir styrkir vegna tekjutaps íþróttafélaga hafa ekki verið samþykktir en viðræður eru í gangi milli sveitarfélagsins og félaganna um mögulega styrki og útfærslur á þeim.

- 3. Hefur sveitarfélagið sett í gang aðrar aðgerðir sem tengjast íþróttastarfinu í tengslum við COVID-19, og þá hverjar og hvernig?**

Svar: Sveitarfélagið Árborg hefur bætt í framkvæmdir og viðhald á aðstöðu til íþróttaiðkunnar en bygging fjölnota íþróttahúss er á áætlun og verið er að skipta um gervigras á Selfossvelli. Sveitarfélagið hefur auk þess nýtt styrki og aðstöðu til að efla íþróttastarf aldraðra í sveitarfélaginu

- 4. Hefur sveitarfélagið gefið út einhverjar breytingar á stuðningi sínum við íþróttastarf á næsta ári (2021), og þá hvaða breytingar?**

Svar: Nú liggur fyrir dyrum vinna við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins 2021-2024. Í ljósi ástandsins telja bæjaryfirvöld mikilvægt að lögð verði sérstök áhersla á að leita áhrifaríkra leiða til að styðja íþrótt- og æskulýðsstarf, fremur en vant er. Verkefnið er ekki endilega einfalt í ljósi krefjandi efnahagsaðstæðna af völdum Covid-19 og skiptir því enn meira máli en venjulega að hver króna nýtist með skilvirkum hætti til þess að vinna gegn félagslegum áhrifum Covid-19. Af þessum sökum þurfa allir að leggja á eitt og ábendingar og tillögur hagsmunaaðila verða sannarlega vel þegnar í þessu flókna verkefni

- 5. Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri í tengslum við þessa umræðu?**

Svar: Sveitarfélagið Árborg hefur fullan hug á að styðja áfram vel við hið gríðarlega öfluga íþrótt- og frístundastarf á svæðinu og eiga félögin hrós skilið fyrir lausnamiðaða hugsun á þessum erfiðu tímum.